

Samningsskilmálar Vonarskarðs

7. apríl 2026

1. grein – Almenn ákvæði

Skilmálar þessir gilda um viðskipti sem eiga sér stað á raforkumarkaði Vonarskarðs ehf. Skilmálarnir eru hluti af samningum milli *seljanda* rafmagnsins annars vegnar og *kaupanda* hins vegar, hvor um sig einnig nefndur *aðili* og saman *aðilar*.

Kaupandi og seljandi hafa hvor í sínu lagi leyfi Orkustofnunar til að stunda raforkuviðskipti í samræmi við 18. gr. raforkulaga og eru aðilar að samningi um jöfnunarábyrgð við Landsnet hf.

2. grein – Gildissvið

Skilmálar þessir gilda um þá samninga sem vísa til þeirra og skulu í þeim tilfellum vera hluti af viðkomandi samningi og fylgiskjal með honum. Þar sem ákvæði skilmála þessara kunna að stangast á við ákvæði samning sem gerður er á grundvelli þeirra skulu ákvæði samningsins ráða.

3. grein – Afhending og móttaka rafmagns

Seljandi ábyrgist afhendingu á rafmagni til kaupanda með því að skila Landsneti jöfnunaráætlun sem sýnir ráðstöfun raforku til kaupandans í samræmi við samning. Kaupandi ábyrgist móttöku á rafmagninu frá seljanda með því að skila Landsneti jöfnunaráætlun sem sýnir öflun raforkunnar frá seljanda.

4. grein – Verð og greiðslur

Kaupandi greiðir fyrir rafmagn og aðra samningsbundna þjónustu á því verði sem samningur kveður á um. Greiðslur fara fram mánaðarlega eftir á. Seljandi sendir kaupanda í síðasta lagi 5. hvers mánaðar (eða á næsta virka degi sé 5. dagur mánaðar frídagur) reikning sem sýnir þá upphæð sem greiða ber. Eindagi reikningsins skal vera 20. dag mánaðarins (eða á næsta virka degi sé 20. dagur mánaðar frídagur). Eftir það tímamark er seljanda heimild að reikna fulla vanskilavexti eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni hafi reikningur ekki verið greiddur. Greiðsla telst hafa farið fram þegar hún hefur borist inn á bankareikning seljanda.

Rafmagn er selt án upprunaábyrgða líkt og þær eru skilgreindar í lögum nr. 30/2008.

Innmötunargjald Landsnets er ekki hluti af orkuverði og verður gjaldfært í samræmi við afl samnings og aflgjald innmötunar samkvæmt gildandi gjaldskrá Landsnets á tíma afhendingar.

Komi til þess að ný gjöld eða skattar verði lögð á seljanda vegna flutnings raforku, hverju nafni sem þau nefnast, mun slíkur kostnaður bætast við reikninga kaupanda.

5. grein – Óviðráðanleg öfl (*force majeure*)

Í samningi aðila eru óviðráðanleg öfl (*force majeure*) skilgreind þannig að þau taki til ófriðar (hvort sem um stríðsyfirlýsingar er að ræða eða ekki), styrjalaða, byltinga, uppreisna, uppþota, fjöldauppnáms, múgæsinga, sprenginga, eldsvoða, jarðskjálfta, eldgosa, storma, flóðbylgja, flóða, ísa, snjóflóða, þurrka, eldinga, sóttkvía, flutningsbanna, almennrar stöðvunar á flutningum eða siglingum, eða hvers kyns ámóta atvika, sem ekki er unnt að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á með

eðlilegum ráðum af hálfu aðilanna og í þessu tilliti skulu óviðráðanleg öfl (*force majeure*) einnig taka til allsherjarverkfalla, staðbundinna verkfalla eða ámóta vinnutruflana á Íslandi sem aðili sá, er fyrir slíku verður, hefur ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á þótt hann hafi beitt öllum eðlilegum ráðum sem honum voru tiltæk, en eingöngu um þann tíma sem aðilanum var ókleift að binda endi á ástandið með öllum slíkum ráðum sem honum voru tiltæk.

Eigi skal misbrestur eða aðgerðarleysi af hálfu aðilanna um að efna nokkra skuldbindingu sína samkvæmt samningi aðila teljast vanefnd á slíkri skuldbindingu ef og að því leyti sem misbresturinn eða aðgerðarleysið er af völdum óviðráðanlegra aflu (*force majeure*).

Sá aðili, sem bera vill fyrir sig óviðráðanleg öfl (*force majeure*) samkvæmt þessari grein, skal hafa sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra aflu. Misbrestur eða aðgerðarleysi skal, að því er grein þessa varðar, því aðeins teljast vera af völdum óviðráðanlegra aflu (*force majeure*) að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðarleysi, sanni (a) að misbrestur hans eða aðgerðarleysi sé bein afleiðing af óviðráðanlegum öflum (*force majeure*) eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. að framan og (b) að hann hafi sýnt hæfilega aðgæslu og gripið til allra annarra ráða, sem eðlileg mega teljast, til þess að forðast slíkan misbrest eða aðgerðarleysi. Hvor aðili samnings skal tafarlaust tilkynna hinum um óviðráðanleg öfl (*force majeure*) sem valda misbresti eða aðgerðarleysi um að efna eigin skuldbindingar hans samkvæmt samningi aðila. Jafnframt skal aðilinn gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að draga úr áhrifum þessa misbrests hans eða aðgerðarleysi um fullar efndir og skal strax og óviðráðanlegum öflum (*force majeure*) er ekki lengur til að dreifa gera allar eðlilegar ráðstafanir, sem á hans valdi eru, til að hefjast handa á ný um að efna slíkar skuldbindingar, með minnstu mögulegum tögum.

6. grein – Takmörkun á ábyrgð

Seljandi verður ekki gerð ábyrgur fyrir beinu tjóni kaupanda, afleiddu tjóni hans eða viðskiptavina kaupanda þegar kaupandi getur af einhverjum ástæðum ekki fengið afhent eða tekið við rafmagni frá flutningskerfi Landsnets.

7. grein – Takmörkun á framsali

Aðila er óheimilt er að framselja samning sem gerðir er á grundvelli skilmála þessara, hvort sem er í heild eða að hluta, sem og öll réttindi eða skyldur samkvæmt slíkum samningi, án skriflegs samþykkis hins aðilans.

8. grein – Mótaðilaáhætta

Aðilar hafa samþykkt að takast á hendur þá mótaðilaáhættu sem felst í samningsbundnum viðskiptum þeirra í milli. Verði verulegar breytingar á fjárhagslegum styrk kaupanda á samningstímanum er seljanda heimilt að krefjast upplýsinga frá kaupanda er sýna fram á fjárhagslegt bolmagn hans til að standa við gerða samninga, s.s. ársreikninga eða árshlutauppgjör og/eða að óska bankatryggingar eða annars konar greiðslutryggingar eða greiðsluskilmála sem seljandi metur jafngilda til að bæta tjón vegna hugsanlegra greiðsluerfiðleika eða annarra mögulegra vanefnda kaupanda.

9. grein – Upplýsingaskylda

Aðilar skulu miðla hvor öðrum upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir framkvæmd þessa samnings. Upplýsingum skal miðlað án óþarfa tafa.

Aðilar skulu tilgreina sérstaka tengiliði sem á hverjum tíma annast áætlunaskil, uppgjör og önnur dagleg samskipti vegna framkvæmdar samnings.

Aðilum ber að tilkynna gagnaðila um allar breytingar á ofangreindum upplýsingum.

10. grein – Trúnaðarskylda

Hvor aðili um sig er bundinn trúnaði um hver er mótaðili þeirra í samningi nema að fengnu skriflegu leyfi hins aðilans, þó með fyrirvara um ákvarðanir dómstóla og þar til bærra yfirvalda og ákvæða laga.

11. grein – Stöðvun afhendingar og riftun

Komi til vanskila á greiðslum kaupanda til seljanda vegna kaupa á rafmagni, og vanskil vara lengur en einn (1) mánuð, þá er seljanda heimilt að stöðva ráðstöfun á raforku til kaupanda í jöfnunaráætlunum sem sendar eru Landsneti og kveðið er á um í samningi aðila. Afhendingarskylda seljanda fellur jafnframt niður þar til kaupandi hefur greitt seljanda vanskilaskuldir að fullu ásamt áföllnum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Seljandi skal tilkynna kaupanda um stöðvun á afhendingu rafmagns vegna vanskila með tíu (10) daga fyrirvara. Seljanda er jafnframt heimilt að stöðva afhendingu rafmagns á grundvelli annarra samninga við kaupanda vegna vanskila með sama fyrirvara.

Komi til þess að vanskil vegna kaupa á rafmagni vari umfram tvo mánuði, skal seljanda heimilt að rifta samningi samkvæmt almennum riftunarreglum. Seljandi skal tilkynna kaupanda um riftun vegna vanskila með tíu (10) daga fyrirvara.

12. grein – Ágreiningsmál

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða þessa samnings skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining. Að öðrum kosti skal, í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur úrskurðarvald á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga nr. 65/2003, fyrst leita úrlausnar stofnunarinnar og úrskurðarnefndar raforkumála þar sem það á við. Úrskurði úrskurðarnefndarinnar má skjóta til dómstóla í samræmi við ákvæði raforkulaga.

Náist ekki samkomulag getur hvor aðili um sig vísað málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

Aðilar geta þó komið sér saman um skipun gerðardóms, ef ágreiningur kemur upp og aðilum hefur reynt ókleift að ná samkomulagi. Ákveði aðilar að skipa gerðardóm skuldbinda þeir sig til að hlíta niðurstöðu hans. Um málsmeðferð gerðardóms fer samkvæmt lögum nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma en að öðru leyti gilda meginreglur laga um meðferð einkamála.

Gerðardómur þessi skal skipaður þremur mönnum og skulu aðilar tilnefna sinn fulltrúann hvor. Þriðji fulltrúinn, sem jafnframt er formaður gerðardómsins, skal skipaður af dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Ef annar aðili samnings þessa skipar ekki sinn fulltrúa í gerðardóm skal dómstjóri jafnframt skipa hann.